

kostnaðar, er áfrýjandi hefir bakað stefnda með neitun sinni um, að hafa veitt móttöku ílátum þeim, er fyr er getið, en sannanir í því efni þurfti að sækja til Kaupmannahafnar, og kaupa leyfisbréf til að koma þeim fram, þá þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda í málskostnað fyrir undir- og yfirrétti 80 krónur.

Það þykir eigi ástæða til að taka til greina kröfur málspartanna um ómerking ummæla, er þeir hafa haft hvor um annan í málsskjölunum, og um sektir fyrir þau.

Því dæmist rétt vera:

Stefudi Benedikt S. Þórarinsson kaupmaður á fyrir kröfum og kærur áfrýjanda Hannesar Thorsteinson fyrir hönd Thor. E. Tulinius stórkaupmanns, í þessu máli sýkn að vera. Áfrýjandinn Hannes Thorsteinson fyrir hönd Thor. E. Tulinius, greiði stefnda í málskostnað fyrir undir- og yfirrétti 80 — áttatíu — krónur, er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri lagaáðför.

Nr. 29/1900: Bogi Magnússon í Rauðseyjum
 gegn
 forstöðumanni Leonhard Tangs
 verzlunar í Stykkishólmi.

D ó m u r:

Skuldamál þetta hefir áður verið fyrir yfir-

dóminum, og lauk því þá svo, að gestaréttardómur sá, er upp hafði verið kveðinn í því af sýslumanninum í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 12. okt. 1899, var staðfestur með dómi yfirréttarins 2. júlí f. ár. Nú hefir þessum sama gestaréttardómi aftur verið áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, útgefinni 25. ágústm. f. ár. Þar eð yfirdómurinn þannig áður hefir kveðið upp fullnaðardóm um aðalefni málsins, verður nú ex officio að vísa því frá réttinum. Eftir atvikum greiði áfrýjandi stefnda málskostnað fyrir yfirdómi með 25 kr. Áfrýjanda ber að greiða sekt fyrir óþarfa málsýfing samkvæmt tilsk. 11. ág. 1819, 30 kr., er renni í landssjóð. Málsfærslumaður áfrýjanda, settur málaflutningsmaður Einar Benediktsson, sektast um 5 kr. til fátækra sjóðs Reykjavíkur og 5 kr. til landssjóðs fyrir ósæmileg ummæli um dómendur landsins í frumsóknarskjali sínu í málinu.

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu vísast frá yfirdóminum.

Áfrýjandi Bogi Magnússon greiði stefnda, forstöðumanni Leonhard Tangs verzlunar í Stykkishólmi, 25 kr. í málskostnað. Svo greiði hann og sekt fyrir óþarfa málsýfing, 30 krónur, er renna í landssjóð. Málsfærslumaður áfrýjanda, settur málaflutningsmaður Einar Benediktsson, greiði 10 kr. sekt fyrir ósæmilegan rithátt, og rennur helmingur sektarinnar til fátækra sjóðs Reykjavíkur, en helmingurinn til landssjóðs.

Ídæmdar sektir og málskostnaður lúkist innan 8 vikna frá lögbirting dóms þessa að viðlagði lagaaðför.

Mánudaginn 15. aprílmánaðar.

Nr. 7/1901:

Réttvísinn

gegn

Eyólfi Símonarsyni.

D ó m u r:

Með aukaréttardómi Árnessýslu, uppkveðnum 22. desbr. f. á., var hinn ákærði Eyólfur Símonarson dæmdur samkvæmt 250. sbr. 249. gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869, til að sæta 1 árs betrunarhúsvinnu, og til að greiða allan af málinu gegn honum leiðandi kostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs svaramanns síns í héraði, Ólafs prests Ólafssonar, 4 kr. En þessum dómi er að beiðni hins ákærða skotið til yfirdómsins.

Með eigin játningu hins ákærða og öðrum skýrslum í málinu er það löglega sannað, að haustið 1899, þegar hann bjó á Stóra-Hálsi í Grafningi, kastaði hann að ófrjálsu eign sinni á 5 kindur, sem hann vissi, að hann átti ekki, en 4 af þeim voru komnar sjálfkrafa saman við fé hans, og 1 hafði verið dregin honum í réttum sökum marklíkingar. Kindur þessar voru tvær ær og tvö lömb, og ein veturgömul gimbur, og afmarkaði ákærði aðra ána og bæði lömbin undir sitt mark, eða mörk, sem hann notaði á fé sitt,